

Fwd: Ítrekun: Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Til : Hjördís Práinsdóttir
Frá : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : Fwd: Ítrekun: Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
Málsnúmer : 2019020003
Málsaðili : Forsætisráðuneyti
Skráð dags : 05.09.2019 11:00:52
Höfundur : Þórdís Sif Sigurðardóttir

Viðhengi ATT00001.htmATT00001.htm

Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið ½ Sameinuðu þjóðanna.pdfYfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið ½ Sameinuðu þjóðanna.pdf

Geturðu sett í bæjarráð

Get [Outlook for Android](#)

----- Forwarded message -----

From: "Guðmundur Gunnarsson" <gudmundur@isafjordur.is>
Date: Thu, Sep 5, 2019 at 10:49 AM +0000
Subject: Fwd: Ítrekun: Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
To: "Þórdís Sif Sigurðardóttir" <thordissif@isafjordur.is>

Kveðja,
GG

Begin forwarded message:

From: Guðjón Bragason <gudjon.bragason@samband.is>
Date: 5 September 2019 at 09:41:02 GMT
Cc: Eygerður Margrétardóttir <eygerdur.margretardottir@samband.is>, Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>
Subject: Ítrekun: Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Til allra framkvæmdarstjóra sveitarfélaga

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga vil ég minna á meðfylgjandi erindi sem framkvæmdastjóri sendi til allra sveitarfélaga 27. júní sl. Með póstinum fylgdi yfirlýsing um þátttöku í samstarf sveitarfélaga með stofnun samstarfsvettvangs um loftslagsmál og heimsmarkmið SP. Á stofnfund þessa vettvangs, sem haldinn var 21. júní sl., mættu fulltrúar frá 40 sveitarfélögum en með samþykkt yfirlýsingarinnar geta enn fleiri sveitarfélög bæst í hópinn. Fundargerð stofnfundarins fylgir einnig í viðhengi.

Þau sveitarfélög og landshlutasamtök sem þegar hafa sent okkur staðfestingu eru þessi:

- Akrahreppur
- Akraneskaupstaður
- Akureyrarbær
- Bláskógabyggð
- Borgarbyggð
- Dalvíkurbyggð
- Fljótsdalshérað
- Flóahreppur
- Grindavíkurbær
- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Hrunamannahreppur
- Hvalfjarðarsveit
- Hveragerðisbær
- Langanesbyggð
- Mýrdalshreppur
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Skaftárhreppur
- Sveitarfélagið Árborg

Eins og sjá má vantar í þennan hóp fjölmörg sveitarfélög sem tóku þátt í samþykkt samstarfsvettvangsins 21. júní og hljóta því fleiri sveitarfélög að eiga eftir að bætast í hópinn.

Undirritaður hefur fullan skilning á því að erindi sem berst í lok júní hljóti í mörgum tilvikum ekki afgreiðslu sveitarstjórna fyrir en í lok ágúst og að því megi vænta þess að bókanir um málið, með staðfestingu á þátttöku sveitarfélaga muni berast á næstu dögum og vikum. Þar sem undirritaður er mjög bjartsýnn á breiða þátttöku sveitarfélaga í þessu samstarfi eru væntingarnar í raun þær að öll sveitarfélög sendi staðfestingu um þátttöku. Einnig er ekkert því til fyrirstöðu að landshlutasamtök og fyrirtæki sveitarfélaga gerist þátttakendur.

Engu að síður er tilefni til þess að áréttu beiðni til framkvæmdarstjóra um að leggja málið fyrir sveitarstjórnarfund og undirbúa bókun um málið, eða senda sambandinu bókun, hafi málið þegar verið tekið fyrir.

Fyrsti fundur tengiliðahóps um verkefnið verður 13. september n.k. Við viljum gjarnan hefja starfið af krafti en rétt er að taka fram að tengiliðir geta að sjálfsögðu tekið þátt í fundinum þótt ekki sé búið að ganga frá yfirlýsingu sveitarfélags um samstarf.

Ef þörf er á frekari skýringum bendi ég á að hægt er að hafa samband við Eygerði Margrétardóttur eða undirritaðan en einnig vísa ég til fundargerðar stofnfundarins.

F.h. sambandsins
Guðjón Bragason

From: Karl Björnsson

Sent: miðvikudagur, 26. júní 2019 11:37

To: Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>

Subject: Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og landshlutasamtaka

Meðfylgjandi er erindi, dags. 26. júní 2019, með samþykkt stjórnar sambandsins frá fundi sem haldinn var 21. júní 2019, þar sem fjallað var um yfirlýsingu um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Yfirlýsingin fylgir hér með, auk fundargerðar stofnfundar samstarfsvettvangs um heimsmarkmiðin og loftslagsmálin.

Með bestu kveðju,

Karl Bj.

image001.gif **Karl Björnsson**
framkvæmdastjóri
Beint innval: 515 4910
Netfang: karl.bjornsson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.